

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 105/2016

2017/EES/76/02

frá 3. júní 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/169 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til Írlands, Finnlands, Svíþjóðar og Bretlands ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 D 0169:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/169 frá 5. febrúar 2016 (Stjtið. ESB L 32, 9.2.2016, bls. 158).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/169, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júní 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 32, 9.2.2016, bls. 158.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júní 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.